



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Vorönn 2017

## ENSK2HB05

Hagnýt enska

|                  |                            |               |            |
|------------------|----------------------------|---------------|------------|
| <b>Kennarar:</b> | <b>Helgi Þorvaldsson</b>   | <b>Sk.st.</b> | <b>HP</b>  |
|                  | <b>Sveinn E. Magnússon</b> |               | <b>SEM</b> |

### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

**Undanfari:** Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

### Námsefni:

**New Headway Upper-Intermediate Fourth Edition** (Student's book )

**Smásögur á Moodle**

**A Streetcat Named Bob** James Bowen

**Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók**

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:** upplýsingar verðar birtar í moodle

**Sérreglur áfangans:**

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Tveir tímar í lok annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir um alla nemendur áfangans.** Nemendur fæddir 1995 eða fyrr þurfa í byrjun annar að undirrita samning um nám og mætingu á önninni. Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

**Fyrirkomulag námsmats:**

| Námsþáttur     | Lýsing á námsmati                               | Vægi |
|----------------|---|------|
| Headway        | próf úr köflum sem farið verður yfir á önninni. | 20%  |
| Smásögur       | verkefni / próf                                 | 15%  |
| Streetcat      | verkefni / próf                                 | 10%  |
| Ástundun       | önnur vinna á önninni                           | 5%   |
| Lokapróf í maí | skriflegt próf                                  | 50%  |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.  
Selfossi 3.janúar 2017**

**Helgi Þorvaldsson og Sveinn E. Magnússon**  
kennarar

**Guðfinna Gunnarsdóttir**  
kennslustjóri